

þann 26. apríl 1982, er efniskrafa, þannig að ekki verður um hana fjallað nú.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. október 1982.

Nr. 217/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og biskup Íslands vegna kirkjuráðs f. h. Þjóðkirkju Íslands**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Gunnari Jóhannessyni

Vigdísi Ingibjörgu Árnadóttur og

Sigríði Gyðu Sigurðardóttur

(Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerkjamála. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Afrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1979. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu og jafnframt þess, að viðurkennd verði „landamerkjalinna á þrætusvæðinu milli Skálholts og Hamra í miðjum farvegi Brúarár í meðalrennsli hennar að ósi árinna og Hvítár“, eins og hún er sýnd á uppdrætti, „gerðum af Ragnari Árnassyni, og verði Hjarðarneshólmi talinn hluti af landi“ jarðarinnar Skálholts í Biskupstungnahreppi. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að staðfest verði ákvæði hans um, að Hjarðarneshólmi sé hluti jarðarinnar Hamra, svo og ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ingibjörg Kristinsdóttir lést 19. desember 1979, eftir því sem upplýst var við flutning málsins fyrir Hæstarétti, og hefur Vigdís Ingibjörg Árnadóttir, dóttir hennar og einkaerfingi, tekið við málsaðild hennar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal ljósrít af afsali, dagsettu 21. júlí 1963, en með því afhenti dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Þjóðkirkju Íslands jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt mannvirkjum og lausafé til eignar og umsjár samkvæmt heimild í lögum nr. 32/1963. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs á því ekki aðild að máli þessu nema um málskostnað.

Ragnar Arnason verkfræðingur hefur markað á uppdrátt raforkumálastjóra nr. 3939—03, sem í héraðsdómi greinir, línu þá, A—B, sem afmarkar ós Brúarár samkvæmt matsgerð þeirra Páls Hafstað og Sigurjóns Rist, svo og merkjalínu héraðsdóms milli Skálholts og Hamra, C—D. Hann hefur einnig dregið á uppdráttinn miðlínu Brúarár- og Hvítárfarvega samkvæmt álitgerð þeirra Hauks Tómassonar og Pálma R. Pálmasonar og miðlínu „Brúarfarvegs við meðalrennsli og straumamót Brúarár og Hvítár skv. dómkröfu áfrýjanda“.

Dómkröfur eigenda Hamra fyrir héraðsdómi voru þær, að viðurkennt yrði með dómi, að Hjarðarneshólmi í Hvítá væri hluti af landi jarðarinnar Hamra og að landamerkjalinan milli Skálholts og Hamra væri hin sama og sýnd er samkvæmt uppdrætti Íslands 1908 sem hreppamörk á milli Grímsneshrepps og Biskupstungnahrepps. Ekki hefur dómkrafa þessi verið mörkuð á uppdrátt þann, sem áður getur, og hvorki verður ráðið með nákvæmni af uppdrætti Íslands 1908 né öðrum gögnum málsins, hvar lína þessi liggur.

Áfrýjendur kröfðust sýknu fyrir héraðsdómi af kröfum eigenda Hamra, en kröfðust ekki viðurkenningar á tiltekinni merkjalínu. Á dómþingi 4. október 1979 lagði lögmaður áfrýjenda fram svohljóðandi yfirlýsingu:

„Til frekari skýringar og rökstuðnings sýknukröfu umbj. m. óska ég bókað, að landamerkjalinna milli Skálholts og Hamra verði áfram í miðjum farvegi Brúarár, enda sé gert ráð fyrir meðalrennsli hennar. Farvegur Brúarár er milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness og sameinast straumur hennar og Hvítár neðan umrædds hólma og því beri hinum virðulega rétti að neita að viðurkenna Hjarðarneshólma sem hluta af landi jarðarinnar Hamra í Grímsneshreppi. Styðst framangreint sjónarmið við 3. gr. laga nr. 15/1923, sbr. og 8. gr. sömu laga“.

Kröfulínu áfrýjenda fyrir Hæstarétti hefur Ragnar Árnason fært inn á fyrrgreindan uppdrátt raforkumálastjóra, en þó eigi svo, að hún nái þar yfir allt ágreiningssvæðið.

Dómkröfur málsaðilja eru ekki ljósar né nákvæmar. Sýnt er þó, að þá greinir á um, hvort Hjarðarneshólmi tilheyri Hömrum eða Skálholti og hvar merki jarðanna séu í Brúará og ósi hennar í Hvítá. Ekki er þó ljóst, hversu langt upp eftir Brúará ágreiningur er um merkin. Héraðsdómur hefur ekki skorið úr ágreiningi aðilja um merkin í Brúará ofan ármóta hennar og Hvítár, eins og hann markar þau. Verður þó að telja, að greiða beri til hlítar úr landamerkjaágreiningi aðilja í máli þessu. Jarðirnar Fjall I og Fjall II í Skeiðahreppi munu eiga land að Hvítá að austan á móts við ós Brúarár, eftir því sem fram kom við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Úrslit landamerkjamáls þessa kynnu að skipta máli fyrir eigendur þessara jarða. Átti því að kveðja þá fyrir dóm og gefa þeim kost á að gerast aðiljar að málinu.

Vegna þeirra annmarka, sem nú eru taldir, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Árnassýslu 21. október 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 4. þessa mánaðar, er höfðað með stefnu, útgefinni 9. apríl 1976 og þingfestri í landamerkjadómi Árnassýslu þann 27. apríl 1976. Sóknaraðiljar eru Gunnar Jóhannesson, Hömrum, Grímsneshreppi, Ingibjörg Kristinsdóttir, Stokkseyri, og Siguríður Gyða Sigurðardóttir, Þorlákshöfn. Varnaraðiljar í málinu eru fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem þinglýsts eiganda Skálholts og biskup Íslands vegna kirkjuráðs f. h. Þjóðkirkju Íslands.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að Hjarðarneshólmi í Hvítá sé hluti af landi jarðarinnar Hamra í Grímsneshreppi og að landamerkjalína á milli Skálholts og Hamra sé hin sama og sýnd er skv. uppdrætti Íslands 1908 sem hreppamörk á milli Grímsneshrepps og Biskupstungnahrepps. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja er krafist sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að landamerkjalínan milli Skálholts og Hamra verði áfram í miðjum farvegi Brúarár milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness, en þar telja varnaraðiljar mörk landanna. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

MÁLAVEXTIR.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu: „Til máls þessa er stofnað til þess að leysa úr þrætu, sem nýlega hefur risið á milli eigenda jarðanna Skálholts í Biskupstungnahreppi og Hamra í Grímsneshreppi um eignarráð yfir Hjarðarneshólma. Jarðeigendur Hamra hafa stundað veiði og leigt út veiði fyrir landi sínu í Brúará og Hvítá svo lengi sem sögur fara af.

Stangveiðimönnum, er leigt hafa veiðiréttindi af landeigendum, varð nokkuð bilt við sumarið 1974, er það kom í ljós, að stangveiðimenn á vegum Skálholtseiganda tóku sér stöðu í hólma nokkrum í ánni, Hjarðarneshólma, og köstuðu færnum sínum

á veiðistrenginn þeim megin frá, svo að segja ofan í veiðitilraunir hinna fyrrnefndu.

Þetta þótti eigendum Hamra hart að þola, vegna þess að þeir vissu ekki betur en að hólmi þessi væri all nokkuð innan landamerkjalínunnar á milli Skálholts og Hamra. Kvartað var yfir þessu ofríki af hálfu eigenda Hamra, en engin leiðrétting fékkst.

Fimmtudaginn 13. marz 1975 gengu eigendur Hamra á fund biskups Íslands, hr. Sigurbjarnar Einarssonar, og tjáðu sig um ágreiningsmálið, það er leigu Skálholts á Hjarðarneshólma í Hvítá við land Hamra til laxveiða.

Að ósk biskups rituðu eigendur Hamra kirkjuráði bréf hinn 1. apríl 1975 og áréttuðu þar samtalið, en þar kom fram, að eigendur Hamra héldu Hjarðarneshólma vera í landi Hamra og tilgreindu fyrir því margar ástæður.“

Í svarbréfi biskups, dags. 16. maí 1975, segir, að það sé álit fyrrverandi ábúenda í Skálholti, Jóns Gunnlaugssonar og Jörundar Brynjólfssonar, að nefndur hólmi hafi aldrei verið talinn til annarrar jarðar en Skálholts né nytjaður af öðrum en Skálholtsbændum. Hið sama segi Sigurður Skúlason, mag. art., sem sé fæddur í Skálholti og hafi dvalist þar til fullorðinsára.

Í landamerkjabók Árnassýslu er landamerkjum Hamra lýst þannig: „ . . . svo ræður að austan Hvítá og Brúará til áðurnefnds Laugartangagils.“ Lýsing þessi er frá 16. maí 1884.

Í sömu bók er landamerkjum Skálholts lýst þannig: „ . . . að vestan og sunnan kringum Skálholtstungu og kvað ráða báðar árnar Brúará og Hvítá . . .“

Lýsing þessi er frá 22. ágúst 1804.

Dómurinn lagði fyrir talsmenn aðilja að kanna rækilega, hvort einhverjar heimildir væri að finna annað hvort prentaðar eða í Þjóðskjala- eða Landsbókasafni, svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Biskupsvísitazíum 19. og 20. aldar, Fornbréfasafni, jarðaskjölum Þjóðskjalasafns, og fleira, sem ekki þykir ástæða til að telja upp hér.

Könnun þessi hefur ekkert leitt í ljós um eignarrétt að umræddum hólma eða um landamerki jarðanna Skálholts og Hamra fram yfir það, sem greinir í framangreindum landamerkjalýsingum. Þá liggja frammi í málinu fjölmörg vottorð, sem öll lýsa því, að vottorðsgefendur viti ekki til annars en að Hjarðarneshólmi sé og hafi verið eign Hamra. 10 þeirra, þar á meðal Ingi- björg Kristinsdóttir, sem er aðili máls þessa, hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð sín.

Þá liggja frammi vottorð Jóns Gunnlaugssonar, fyrrverandi deildarstjóra í stjórnarráði og áður ábúanda í Skálholti, Jörundar Brynjólfssonar, er áður bjó í Skálholti, svo og Sigurðar Skúlasonar. Jón hefur komið fyrir dóminn og staðfest vottorð sitt, en hinir ekki. Vottorð þessi lúta að því, að Hjarðarneshólmi tilheyri Skálholti eftir því sem þeir viti best. Um nýtingu hólmanns segja vottorðsgjafar, þeir er síðast voru nefndir, ekkert utan það, að Jón Gunnlaugsson kveðst hafa heyrt, að hann hafi verið nytjaður lítið, en þó eitthvað. Um það, hvort hann hafi verið nýttur af Hamramönnum, kvaðst hann ekki vita.

Enginn vottorðsgjafa úr Grímsneshreppi kvaðst vita um, að hólminn hefði verið nýttur frá Hömrum utan Sigríður Bjarnadóttir, móðir stefnanda Gunnars Jóhannessonar, og Ingibjörg Kristinsdóttir, stefnandi. Kváðu þær fugl hafa verið rændan í hólmanum.

Þá liggur frammi á dskj. nr. 23 grein Sigurðar Skúlasonar: „Nokkur örnefni í Skálholtslandi“.

Þar segir um Hjarðarneshólma: „10. Hjarðarneshólmi. Þetta örnefni bendir til þess, að syðsti oddi Skálholtstungu hafi fyrrum heitið Hjarðarnes, þótt eigi sé það örnefni lengur kunnugt.“

Í málinu liggja fyrir skýrslur um, að veitt hafi verið úr Hólmanum á stöng, bæði veiðimenn úr landi Hamra og nú hin síðari ár úr landi Skálholts.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lagt fram á dskj. nr. 13 álit Jóns Jónssonar jarðfræðings, nefnt „Nokkrar athugasemdir varðandi Hjarðarneshólma í Hvítá“.

Í álitserð þessari er gengið út frá því, að miðlína straumvatns ráði merkjum og hljóti mörk Biskupstungna og Grímsneshrepps að liggja um Brúará miðja, enda skilji Hvítá hvergi þessa hreppa, þar eð hún renni austan við þá báða. Þá renni Brúará vestan Hjarðarneshólma og hafi sannanlega gert það sl. 30 ár, svo sem sjá megi af loftmyndum á dskj. 14 a — c.

Niðurstaða jarðfræðingsins er sú, að Hjarðarneshólmi sé í Hvítá, Brúará skilji Grímsnes og Biskupstungur og Brúará renni öll vestan Hjarðarneshólma. Sé því hólminn í Biskupstungum og þar með Skálholti.

Jón Jónsson jarðfræðingur, fæddur 3. október 1910, til heimilis að Smáraflöt 42, Garðabæ, hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreinda álitserð.

Aðspurður kvað hann straummót ána miðað við meðalrennsli vera fyrir neðan Hjarðarneshólma.

Vitnið sagði, að erfitt væri að segja, hver séu nú vesturmörk farvegs Hvítár vegna uppblásturs, en að fornu taldi vitnið langlíklegast, að þau hefðu verið sunnan við hólmann. Hvítá hafi runnið nær Vörðufelli til að byrja með og færst vestur eftir að hafa hlaðið undir sig og hafi hún þrýst Brúará vestar.

Aðspurt kvað vitnið bakkalínu Skálholtstungu frá norðaustri til suðvesturs vera bakkalínu Hvítár að undanteknu því, sem uppblástur kann að hafa valdið, þannig að svæðið, sem Hvítá flæðir yfir í flóðum, hefur breikkað. Vitnið ítrekaði, að meginvatnamót ána séu neðan hólmanns, enda þótt vatnið byrji að blandast norðvestan við hólmann.

Í þinghaldi þann 18. júlí 1969 kvaddi sýslumaðurinn í Árnes-sýslu þá Pál Hafstað fulltrúa og Sigurjón Rist vatnafræðing til þess að meta m. a., hvað telja skuli ós Brúarár skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna liggur frammi á dskj. nr. 22, lögðu fram af varnaraðilja. Þar segir svo: „Við ármótin á hægri bakka Brúarár er Hjarðarnes, sem endar í greinilegu klapparnefi, sem skagar út í ána. Frá veiðihúsi Baldurs Eyþórs-sonar og féлага eru 76.5 m út í nestána. Gegnt Hjarðarnesi er Hjarðarneshólmi, sem umleikinn er af straumvatni Hvítár, aðeins lítil kvísl fer vestan hólmanns við meðalrennsli ána. Hjarðarneshólmi verður því að teljast vera í Hvítá.“

Samkvæmt 1. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53 frá 1957 úrskurðum við, að ós Brúarár sé um markalínu frá áður nefndu klapparnefi á Hjarðarnestá, til norðurs í stefnu á Mosfellskirkju, vestan Hjarðarneshólma . . .“

Matsgerð þessi er dagsett 30. júlí 1969. Annar matsmanna, Sigurjón Rist vatnamælingamaður, fæddur 29. ágúst 1917, til heimilis að Skriðustekk 4, Reykjavík, hefur komið fyrir dóm-inn.

Hann staðfestir matsgerðina. Gerði hann nánari grein fyrir því, hvernig þeir matsmenn hefðu komist að niðurstöðu um, hvar ósinn væri. Vitnið kvaðst aðspurt telja hreppamörk Biskups-tungna- og Grímsneshreppa rétt merkt inn á dskj. nr. 10 — 11 og minntist þess, frá því er hann var við dýptarmælingu á þess-um slóðum árið 1960, að hafa komið í „þriggja hreppa punktinn“ og að hann væri vel kunnugur þessu svæði. Í þinghaldi þann 23. október 1978 gerði dómurinn svofellda ályktun:

„Lagt er fyrir umboðsmenn aðila að afla eftirtalinna gagna:

1. Sérfræðileg álitgerð um, hver nú teljist eðlileg landfræði-

leg mót (mörk) árfarvega Hvítár og Brúarár og hvort og á hvern hátt þessi mót kunni að hafa tekið breytingum í höfuðdráttum.

2. Sérfræðilega álitssgerð um, hvar straumar umræddra áa sameinist miðað við meðalrennsli þeirra og hvort slík straummót hafi tekið breytingum og þá hverjum.

3. Uppdrátt af vettvangi, þar sem fram komi helstu kennileiti ásamt straummótum og miðlínunum árfarvega, eins og sérfræðingar hyggja þau vera samkvæmt framansögðu.

4. Freista skal þess að finna skjallæg gögn um eignarheimildir að nefndum hólma.“

Í þinghaldi þann 8. maí sl. fór umboðsmaður sóknaraðilja þess á leit við dóminn, að dómkvaddir yrðu 2 hæfir og óvilhallir menn til þess að kveða á um þau atriði, er getur í liðum 1 — 3 í framangreindri bókun. Í því sama þinghaldi kvaddi dómurinn þá Hauk Tómasson jarðfræðing og Pálma R. Pálmason verkfræðing til að framkvæma umbeðið matsverk, og var óundirrituð og ódagsett matsgerð þeirra lögð fram í þinghaldi þann 9. september sl. ásamt fylgiskjölum. Í álitssgerðinni á dskj. nr. 48 segir svo:

„II. Brot úr jarðsögu svæðisins.

Í lok ísaldar hér á landi fyrir u. þ. b. 10 þús. árum var landslag í uppsveitum Árnassýslu harla ólíkt því sem nú er. Þar sem í dag heita Skeið, var land tugum metra lægra, og rann þá Hvítá austan Vörðufells, en Brúará og Hvítá sameinuðust einhversstaðar við Hestfjall. Fyrir u. þ. b. 7 þús. árum rann svo meiri háttar hraun sk. Tungnárhraun (THb) um hluta svæðisins og allt fram í sjó. Hraun þetta stíflaði farveg Hvítár austan Vörðufells, og myndaðist norðan hraunsins stöðuvatn, sem náði langt norður fyrir Vörðufell (allt upp að Bræðratungu). Stöðuvatn þetta klofnaði í tvo aðalhluta um Iðu, og lá vestari hlutinn þaðan og niður undir Hestfjall, þar sem frárennsli vatnsins var. Hvítá og Brúará höfðu í upphafi hvor sinn ós út í vatnið, sem smám saman fylltist og þá í fyrstu einkum austurhlutinn.

Hin miklu öskugos úr Heklu fyrir 4500 árum (H4) og 2800 árum (H3) dreifðust mjög yfir vatnasvið Hvítár, sem síðan flutti efnið í mjög stórum stíl í áðurnefnt vatn. Ekki er ljóst, hvenær vatnið fylltist alveg af aur, en öruggt má telja, að það varð eftir H3 Heklugosið, en eftir að vatnið hvarf sem slíkt runnu árnar eftir aurunum.

III. Ástand áanna nú.

Mikill aurburður hefur lengi verið í Hvítá og áin því þurft töluverðan halla til rennslis og mun meiri en Brúará. Hvítá hefur því haft tilhneigingu til þess að hrekja Brúará til vesturs, að vesturlandi fyrrnefnds stöðuvatns og jafnvel valdið því, að Brúará svarf þar af landi. Fyrst eftir að stöðuvatnið fylltist af aur munu ármótin hafa verið undan Reykjanesi og Hvítá þá leikið um aurana austur og suður þaðan.

Við samverkun árinna, þ. e. aurs, sem hún skildi eftir, og vinda hefur byggst upp foksandsgarður milli ána sem upphaf þess, sem nú heitir Skálholtstunga. Frá þessum garði við Hvítá hallar að Brúará, sem frá Reykjanesi liggur lægra en Hvítá, þar til þær mætast. Halli Brúarár er aðeins helmingur halla Hvítár á þessu svæði.

Ástandið er þannig nú, að Hvítá ber með sér miklu meiri aur en Brúará og þarf því mun meiri halla til rennslis. Ennfremur er vatnsmagn Hvítár miklu breytilegra en Brúarár og því er farvegur Hvítár miklu breiðari en hlutinn, sem er undir vatni við venjulegt rennsli. Sá hluti farvegar Hvítár, sem ekki er undir vatni, er náma fyrir áframhaldandi fok í Skálholtstunguna, og raunar að hluta til yfir í Brúará einnig. Á hinn bóginn hefur Brúará mjög lítinn aurburð, a. m. k. tífalt minni en Hvítá við venjulegt rennsli, og rennur að mestu milli gróinna bakka án aura í farvegi. Þegar árnar mætast, eykst aurburðargeta Brúarárvatns mjög vegna hallaaukningar, og getur Brúarárvatnið flutt miklu meiri aur en er í Brúará. Þetta kemur glögglega fram á kortum vatnamælinga, þar sem sést, að Brúarárvatnið heldur „hreinum“ djúpál meðfram vesturlandinu.

Í meginatriðum er því tilhneiging til þess, að samrennslisstaður ána (ármótin) flytjist niður eftir, þ. e. til suðurs. Um smávægilegar breytingar þessarar þróunar verður þó ekkert sagt né um tíma slíkra breytinga.

IV. Frekari svör við spurningum réttarins.

1. Sérfræðilega álitserð um, hver nú teljast eðlileg landfræðileg mót (mörk) árfarvegar Hvítár og Brúarár og hvort og á hvern hátt þessi mót kunni að hafa tekið beytingum í höfuðdráttum.

Árfarvegir Hvítár og Brúarár eru hinir ógrónu hlutar svæðanna, sem árnar renna um, sem skiljast frá þeim grónu í eins til tveggja metra háum stalli. Í farvegina grafast síðan álar, sem

breytast m. a. eftir aurburði og vatnsmagni, sbr. það, sem áður er sagt um þróun farveganna.

2. Sérfræðilega álitserð um, hvar straumur umræddra áa sameinist miðað við meðalrennsli þeirra og hvort slík straummót hafi tekið breytingum og þá hverjum. Árnar geta sameinast hvar sem er eftir að farvegirnir koma saman, og fer það m. a. eftir aurburði hvorrar um sig, en marga km. frá farvegamótunum renna árnar nánast samhliða, án verulegrar blöndunar. Fyrsta snerting úr ánum virðist undanfarinn aldarfjórðung hafa verið rétt um Hjarðarneshólma, en meginstraumar áanna hafa mætst nokkru sunnar, þ. e. sunnan við Hjarðarnesið. Á þessum aldarfjórðungi hafa aðeins orðið minni háttar breytingar á samruna áanna, en sá hluti Hvítár, sem snertir Brúará við Hjarðarnes, virðist hafa minnkað nokkuð á þessum tíma, og kann það að vera hluti eðlilegrar langtíma þróunar.

3. Uppdrátt af vettvangi, þar sem fram komi helztu kennileiti ásamt straummótum og miðlínu árfarvega, eins og sérfræðingar hyggja þau vera samkvæmt framansögðu.

Meðfylgjandi er kort frá Raforkumálastjóra nr. 3939—03, Hestvatn, mælt 1960. Settar eru inn stefnur á Skálholtskirkju og Mosfell ásamt miðlínum árfarvega og straummótum skv. skýrgreiningum hér á undan.“

Matsmaðurinn Haukur Tómasson jarðfræðingur, fæddur 14. febrúar 1932, til heimilis að Krummahólum 8, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreinda álitserð, en vitnið er jarðfræðingur og landmótunarfræðingur og hefur stundað rannsókn á þessu svæði vegna hugsanlegrar virkjunar Brúarár svo og við Hestvatn.

Hann kvað landfræðileg mörk árfarvega vera gróna bakka beggja vegna áanna og dró þá inn á uppdrátt á dskj. nr. 59 með grænum „tússpenna“. Meginstrauma áanna taldi vitnið mætast skammt austur af Hjarðarnesi. Aðspurður um niðurstöður matsmanna á dskj. nr. 22 um, hvar telja bæri ós Brúarár, kvaðst hann telja hana eðlilega miðað við þær forsendur, að aðaláin hafi allan réttinn og þveráin verði að aðalánni, um leið og hún er komin út í meginfarveg aðalárinnar. Sama vildi vitnið raunar segja um skýrslu Jóns Jónssonar á dskj. 13, að miðað við þær forsendur, er hann byggði á, væri niðurstaðan eðlileg.

Hins vegar taldi vitnið, að jarðeðlisfræðilega séð væru árnar að blandast á löngum kafla og skil þeirra ekki jafnskörp og greindi í álitserð matsmanna á dskj. 22.

Lagt hefur verið fram á dskj. nr. 67 yfirlýsing Ágústs Böðv-
arssonar, fyrrverandi forstöðumanns Landmælinga Íslands. Þar
kemur fram, að hreppamörk um Brúará, þar sem þau koma
í Hvítá, hafi staðið óbreytt á kortinu, frá því það var mælt af
danska herforingjaráðinu 1906, og við endurskoðun Ágústs 1948
hafi hann ekki hreyft þau, þar eð engar upplýsingar komu fram
um skekkjur á þeim né kröfur um breytingar.

Ágúst hefur komið fyrir dóminn og staðfest yfirlýsingu sína.
Hann kvaðst hafa fært örnefnið Hjarðarnes inn á uppdráttinn
á dskj. nr. 11 samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi bæ. Þá
hefur Haukur Jörundsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðu-
neytinu, fæddur 11. maí 1913, komið fyrir dóminn. Hann var
búsettur í Skálholti frá því hann var 9 ára gamall og fram að
tvítugu. Enginn vafi var í huga hans um, að hólminn væri í eign
Skálholts. Hann kvaðst minnst þess, að veitt var úr hólmanum,
aðallega með ádrætti. Hann kvaðst sjálfur hafa farið í hólmann
og steipt undan veiðibjöllu. Hann kvaðst byggja skoðun sína
um eignarhald á því, að aðstæður væru þannig, að hólminn væri
venjulega umflotinn vatni úr Hvítá, sem mætti Brúará neðan
hólmans.

Hann kvað aðalál Hvítár vera að austanverðu, en hins vegar
hefðu lænur verið nokkuð vítt og breitt um svæðið. Þá kvaðst
vitnið ekki vita til þess, að örnefnið Hjarðarnes væri í Skál-
holtslandi né annars staðar.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á þeirri málsástæðu, að hreppa-
mörk séu skilmerkilega greind á dskj. nr. 10 og 11 og þar sjáist
greinilega, að Hjarðarneshólmi sé í Grímsneshreppi og þar sem
landamerki jarða hljóti að vera hin sömu og hreppamörk, til-
heyri hólminn Hamralandi. Í þessu sambandi telur sóknaraðili,
að leggja beri til grundvallar matsgerð á dskj. nr. 22 um það,
hvar ós Brúarár sé. Lína úr miðjum þessum ósi í miðlínu Hvítár
skeri úr um það, að Hjarðarneshólmi sé í landi Hamra, eins og
sjáist á dskj. nr. 10 og 11. Sóknaraðili telur, að sönnunarbyrði
um, að þessu sé öðruvísi farið, hvíli á gagnaðilja, en honum hafi
ekki tekist sönnun um eignarrétt sinn að hólmanum.

Varnaraðili reisir sýknukröfur sínar á því, að við meðalrennsli
ánna liggja miðlína farvegur Brúarár milli Hjarðarneshólma og
Hjarðarness og miðlína þess skipti löndum aðilja. Vitnar hann
í 3. gr. vatnalaga svo og 8. gr., 3. mgr., sömu laga máli sínu til

stuðnings. Hann bendir á, að árnar mætist vestan við hólmann við meðalrennsli og ekki sé heimilt að miða við árfarveginn allan eins og hann sé á milli hinna grónu bakka, heldur beri að miða við það svæði, sem straumvatnið renni á miðað við meðalrennsli.

NIÐURSTAÐA.

Brúará og Hvítá skipta löndum aðilja, sbr. landamerkjabréf á dskj. nr. 3 og 4. Af landamerkjabréfum þessum verður ekki ráðið, hvorri landareigninni Hjarðarneshólmi tilheyri, og ekki hafa verið lögð fram nein gögn í málinu, sem taka af tvímæli um það.

Er merkjum var lýst, var 56. kafli landsleigubálks Jónsbókar í gildi, en þar segir m. a. svo:

„Nú er á brýtr af annars þeirra jörd, þá á sá á er jörd átti þá sem hún braut, en hinu granda eða eyri eptir þangat til sem hon var mið medan hon rann rétt að fornu. En ef hon brýtr meirr, þá á sá er jörd átti bæði á og granda þangat til er hon var mid þá hon rann rétt.“


Með vatnalögum nr. 15/1923 voru ákvæði þessi endurnýjuð, og segir m. a. svo í 3. gr. þeirra: „1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. 2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.“

Dómurinn telur, að þessi lagaákvæði verði að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Að tilhlutan dómsins hefur Ragnar Árnason verkfræðingur gert meðfylgjandi uppdrátt af þrætusvæðinu og sett inn á hann að fyrirsögn dómsins þær viðmiðanir, sem máli skipta.

Ætla má samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 48 og öðrum gögnum málsins, að Hvítá hafi þokað Brúará til vesturs og að Skálholtstunga hafi þá smám saman myndast, aðallega af foksandi. Eins og staðhættir eru nú og miðað við deiluefni þessa máls, er rétt að miða mót farvega Hvítár og Brúarár við línu frá Hjarðarrestanga með stefnu á Mosfellskirkju, samanber framangreindan uppdrátt. Miðja farvegar Brúarár þarna verður talin liggja samkvæmt fyrrgreindum sjónarmiðum á miðju línunnar A — B á uppdrættinum, og er miðpunkturinn merktur C, eða litlu norðar en matsmenn gerðu ráð fyrir á uppdrætti sínum. Frá miðpunkti þessum ber að draga hornréttu línu á línuna A — B að miðlínu Hvítár, sbr. 5. gr. vatnalaga, lína C — D á uppdrætti,

RAFORKUNALASTYÖRI Lomrakningar
 1:5000 3339
 Hestvöln 03
 Skala 1:5000
 Hestvöln 1881
 1979



Arndi Brúardr og Hvídr í Árnæssýslu

A þennan hluta af korti raforkunastýrara nr. 3339-03.

- Hestvöln, er fært eftirfarandi:
- 1. Þannar, forngu Brúardr og Hvídr, skv. 443, nr. 59
 - 2. Drottula Stáhlutstunga og Hvídr, skv. 443, nr. 59
 - 3. Sírnar, Hvídr og Hvídr, skv. 443, nr. 59
 - 4. Sírnar, Hvídr og Hvídr, skv. 443, nr. 59
 - 5. Þannar, Hvídr og Hvídr, skv. 443, nr. 59
- Í löndumhverfi Árnæssýslu

Démiat nr. 76

Skala 1:5000

1881

1979

1979

og eru það merki Skálholts og Hamra. Verður að telja, að niðurstaða þessi rúmist innan kröfugerðar sóknaraðilja. Hjarðarneshólmi er Hamramegin þessarar línu og er því eign sóknaraðilja. Með hliðsjón af deiluefninu og málflutningi aðilja er ekki þörf á að ákveða landamerki að öðru leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðiljum kr. 1.400.000 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Friðgeiri Björnssyni, settum borgardómara, og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Skálholts og Hamra skulu á þrætu-svæðinu ákveðin frá punktinum C — D á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings á dómskjali nr. 76.

Hjarðarneshólmi er eign sóknaraðilja.

Varnaraðiljar greiði sóknaraðiljum kr. 1.400.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 199/1982. Björn Pálsson

gegn

fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra
f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Skaðabótakrafa vegna dómaraverka.

Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 29. september 1982, er barst Hæstarétti 7. október 1982. Krefst hann þess, að hinn kærði